

Gjaldskrá fyrir katta- og hundahald í Húnabyggð



1. gr.

Af hundum og köttum í þéttbýli Húnabyggðar skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Húnabyggð, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í þéttbýli Blönduósar nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð 4.230kr. ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að fjárhæð 13.150kr. miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð 4.230kr. ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að fjárhæð 4.800kr. miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar-mars 100%, apríl-júní 75%, júlí-september 50% og október-december 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald í Húnabyggð nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eigenda og framkvæmd hennar í höndum hundaeigenda. Húnabyggð auglýsir tvo daga á ári þar sem boðið er uppá hundahreinsun sem er innifalin í gjaldinu. Að öðrum kosti ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	13.490kr.
Önnur afhending	24.000kr.
Þriðja afhending	37.150kr.
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	29.150kr.

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.


6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Húnabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi við birtingu.

Blönduósi 10. desember 2024 f.h. Húnabyggðar


Pétur Arason, sveitarstjóri